

H3

HEILDARLAUSN Í MANNAUÐSMÁLUM

H3 er upplýsingakerfi sem aðstoðar stjórnendur við utanumhald um mannauðsmálin. Kerfið samanstendur af einingum sem viðskiptavinir velja eftir umfangi og þörfum á hverjum tíma. H3 er þróað héraðs fyrir innlandan markað þar sem horft er til alþjóðlegra strauma í stjórnun og viðskiptafræðum. Um er að ræða staðlað kerfi sem hentar óbreytt þörfum allra fyrirtækja á íslenskum markaði stórum sem smáum.

HELSTU KOSTIR H3

- Notandinn stjórnar. Fullkomin yfirsýn yfir mannauðinn í þægilegu viðmóti.
- Staðlað kerfi með mikinn sveigjanleika og notendavænt viðmót til að færa laun, halda utan um dagpeninga, birgðir, ráðningar, fræðslumál, o.fl.
- Öflugt niðurbrot færsla t.d. á deild, verk, verkþátt, starfsstétt, o.fl.
- Aðgangsstýringar – mismunandi notendur hafa mismunandi þarfir.
- Rekjanleiki aðgerða – einfalt að leiðrétta.
- Samþætting kerfiseininga – þær einingar sem þú notar vinna saman.
- Einfalt uppfærsluferli – þú sækir nýjar uppfærslur þegar þér hentar.
- Þjónustuvefur Tölvumiðlunar – þú hefur aðgang að þjónustu allan sólarhringinn.

TÍMASPARNADUR MEÐ H3

Allar kerfiseiningar í H3 eru samþættaðar og þannig er komið í veg fyrir tvískráningar sömu upplýsinga. Breytingar þarf því aðeins að framkvæma einu sinni. Gögn flæða milli kerfiseininga, þar sem við fáum mismunandi sýn á sömu gögnin. T.d. eru sömu upplýsingar um starfsmenn aðgengilegar bæði í launakerfi og mannauð og jafnvel á vefnum og sé þeim breytt í einu kerfinu, sést breytingin samstundis í hinu.

H3 TENGIST ÖÐRUM KERFUM

H3 tekur á móti tíma- og launafærslum frá viðverkerfum og skilar bókhaldsfærslum til allra bókhaldskerfa. Einnig getur H3 skilað upplýsingum og skýrslum á innri/ytri vefsíður eða í önnur kerfi til greiningar, áætlana og myndrænna framsetninga.

HVAÐ FÆRÐ ÞÚ MEÐ H3?

- Heildarlaun í starfsmannamálum t.d. ráðningaferlið, samningar, þekkingastjórnun, utanumhald um vottorð og menntun.
- Símaaðstoð á skrifstofutíma auk aðgangs að neyðarþjónustu.
- Aðgangur að þjónustuvef en þar er að finna handbækur, hjálparskrár og kennslumyndbönd auk heilræða við ýmsa árstíðabundna vinnslu s.s. áramót, orlof, o.fl.
- Notandinn uppfærir kerfið sjálfur yfir internetið.

ÁHERSLA Á ÞJÓNUSTU VIÐ NOTENDUR

Tölvumiðlun hefur sérhæft sig í þjónustu við rekstraraðila og hefur undanfarinn áratug byggt upp öflugt ráðgjafar- og þjónustusvið sem hefur á að skipa starfsfólki með mikla sérþekkingu á launavinnslu, mannauðsmálum, bókhaldi og rekstri tölvukerfa.

Í húsakynnum Tölvumiðlunar í Reykjavík eru haldin fjölmörg námskeið en starfsfólk fer gjarnan um landið til að veita þjónustu og halda námskeið fyrir notendur.

Tölvumiðlun býður einnig þjónustugátt sem gerir fjarhjálp að ákjósanlegum valkosti fyrir viðskiptavini. Fjarhjálpin byggir á því að þjónustumaðurinn yfirtekur vél notandans með einföldum hætti og viðskiptavinurinn þarf aðeins að hafa aðgang að interneti.

Fjarhjálpin er ódýr valkostur í þjónustu því oft getur reynst erfitt að leysa málum með símtali þar sem greining verkefna getur verið mjög tímafrek.





EININGAR H3

H3 LAUN

H3 laun er eitt útbreiddasta launakerfi landsins. Kerfið byggir á fremstu tækni sem völ er á. Engin takmörk eru fyrir launþegafjölda þeirra fyrirtækja eða sveitarfélaga sem nýta kerfið.

H3 ÁÆTLUN

H3 áætlun sækir forsendur áætlunarinnar í raungögn úr H3 laun eða annað launakerfi. Stjórnendur fá aðgang að áætluninni í þægilegu notendaviðmóti þar sem þeir sjá aðeins sinn hóp og geta unnið launaáætlunina að öllu leyti.

H3 GREININGAR

H3 greiningar er bylting í meðhöndlun og úrvinnslu launagagna. Greiningar eru framkvæmdar í teningi sem gerir kleift að velta gögnum fram og til baka og breyta þannig ásýnd gagnanna á svipstundu, en teningurinn er mjög hraðvirkur.

H3 MANNAUÐUR

H3 mannauður styður allt ferli mannauðsstjórnunar, frá umsókn til starfsloka. Kerfið er algjörlega samhæft við aðrar H3 einingar og

gerir fyrirtækjum kleift að stunda mannauðsstjórnun með það m.a. að markmiði að sameina upplýsingar um starfsfólk á einn stað og auðvelda aðgengi að þeim, bæði fyrir stjórnendur og starfsfólk.

H3 RÁÐNINGAR

H3 ráðningar gefur fyrirtækjum kost á að halda skipulega utan um allt ráðningaferlið frá því starf er auglýst þar til umsækjandi hefur verið ráðinn til starfa.

H3 FRÆÐSLA

H3 fræðsla er öflugt tól til að halda utan um námskeið, fræðslu eða aðrar upptækur sem eiga sér stað hjá fyrirtækinu. Í H3 fræðslu er haldið utan um öll aðföng svo sem aðstöðu, leiðbeinendur, sýningarbúnað, mat og drykk og allt annað sem þörf er á að halda utan um varðandi atburði.

H3 VEFÞJÓNUSTUR

H3 vefþjónustur leyfir öðrum kerfum að nýta sér upplýsingar sem eru til staðar í H3, hafi þau kerfi heimild til þess. Með því má gefa innri og/eða ytri vefjum fyrirtækja aðgang að starfsmannalistum sem uppfærast sjálfkrafa.

H3 STARFSMENN

H3 starfsmenn gerir starfsmönnum kleift að skoða og skrá þær upplýsingar um sig sem fyrirtækið vill veita viðkomandi starfsmanni aðgang að.

H3 STJÓRNUN

H3 stjórnun veitir stjórnendum aðgang að upplýsingum um sitt starfsfólk sem þeim er heimilt að fá aðgang að. Þannig fá stjórnendur góða yfirsýn yfir sitt fólk, stöðu og styrkleika þess.

H3 DAGPENINGAR

H3 dagpeningar er umfangsmikil lausn sem annast utanumhald dagpeninga hjá launagreiðendum. Kerfið er heildarlausn þar sem útreikningur dagpeninga fer fram, uppgjör og greiðslur á reikninga starfsmanna í hvaða gjaldmiðli sem er.

H3 BIRGÐIR

H3 birgðir annast utanumhald birgða sem tengjast úttektum starfsmanna og réttindauppsöfnunar þeirra til úttekta, s.s. vegna einkennisfatnaðar, öryggisfatnaðar o.þ.h.